

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti  
Sölvhólsögötu 7  
101 Reykjavík  
[srn@srn.is](mailto:srn@srn.is)



Reykjavík, 26. febrúar 2020

**Efni: Umsögn um drög að reglugerð um breytingar á reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 822/2004 um gerð og búnað ökutækja.**

Hinn 12. febrúar 2020 birti samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið drög að reglugerð um breytingar á reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 822/2004, um gerð og búnað ökutækja, á samráðsgátt stjórnvalda, Ísland.is.

Í lið 16.02 í 16. gr. reglugerðar nr. 822/2004 er m.a. fjallað um hjólbarða með nöglum. Í 1. tölul. er kveðið á um að þegar snjór eða ísing er á vegi skuli hafa snjókeðjur á hjólum eða eftir akstursaðstæðum annan búnað, t.d. grófmynstraða hjólbarða (vetrarmynstur), með eða án nagla, sem veitt geti viðnám. Naglar í hjólbörðum á sama ási skulu vera sem næst jafn margir, sbr. 2. tölul., og til naglanna eru gerðar ítarlegar kröfur, m.a. um lengd og þyngd, í 3. og 4. tölul. Í 6. tölul. segir:

Keðjur og neglda hjólbarða má ekki nota á tímabilinu frá og með 15. apríl til og með 31. október nema þess sé þörf vegna akstursaðstæðna.

Með reglugerðardrögunum er lagt upp með að lengja það tímabil sem heimilt er að nota keðjur og neglda hjólbarða (nagladekkjatímabilið) um u.þ.b. einn mánuð. Í skýringum á samráðsgáttinni er tekið fram að áfram verði heimilt að notast við keðjur og neglda hjólbarða þegar þess er þörf vegna akstursaðstæðna, þrátt fyrir að akstur fari fram innan þess tímabils þegar slíkt er annars almennt óheimilt.

SAF hafa um nokkurt skeið barist fyrir því að nagladekkjatímabil bílaleigubíla verði 1. september—31. maí ár hvert og fyrir því eru nokkrar ástæður:

- 1) Það er verulegt hagsmunamál ferðaþjónustunnar að fyrirtækjum sem starfa á þeim vettvangi sé gert fært að tryggja öryggi ferðamanna eftir fremsta mætti. SAF og stjórnvöld hafa sett sjálfbæra ferðaþjónustu á oddinn með langtímahagsmuni í huga og í því felst m.a. að ferðamönnum líði vel á Íslandi, orðspor Íslands sé gott og stöðugt og hvorki ferðaþjónustufyrirtæki né samfélagið verði fyrir tjóni vegna óvæntra atburða. Umferðaröryggi ferðamanna er því ferðaþjónustunni afar ofarlega í huga.
- 2) Í ljósi legu lands tekur veðráttu tíðum breytingum háð á Íslandi. Af þeim sökum hefur ferðaþjónustan verulega hagsmuni af því að henni séu tryggt nauðsynlegt svigrúm til þess að bregðast við aðstæðum, þ. á m. hvað viðkemur umferð ferðamanna um landið á bílaleigubílum. Reynslan hefur kennt íslenskum ferðaþjónustufyrirtækjum að óveðra og krefjandi veðuraðstæðna getur verið að vænta á tímabilinu 1. september til 31. maí.

- 3) Bílaleigubílum er jafnan ekið langar vegalengdir á degi hverjum enda algengt að ferðamenn fari milli landshluta á einum og sama deginum. Veðuraðstæður og færð í einum landshluta geta verið talsvert frábrugðnar aðstæðum í öðrum landshluta. Af þeim sökum hefur íslensk ferðaþjónusta verulega hagsmuni af því að bílaleigubílar sem ferðamenn nota í ferðum innanlands séu útbúnir til að takast á við aðstæður í hvað landshluta sem er.
- 4) Umferðaröryggismál ferðamanna eru óhjákvæmilega almenn umferðaröryggismál. Umferðaróhöpp snerta ekki aðeins þá sem eru í þeim bíl sem fyrir óhappi verður.
- 5) Floti bílaleigubíla er stór og það tekur því nokkuð langan tíma að undirbúa og framkvæma dekkjaskipti að vori og hausti. Hafa samtökin áður upplýst að dekkjaskipti á flota bílaleigubíla taka um 6 vikur að vori og 6 vikur að hausti.


Ef bifreið er á nagladekkjum utan nagladekkjatímabilsins varðar það verulega háum sektum. Ætla verður að fjárhæð sektanna hafi verið ákvörðuð með hliðsjón af varnaðaráhrifum, þ.e. fýsilegt þyki að stuðla að dekkjaskiptum með afgerandi hætti. Varnaðaráhrifin snúa ekki aðeins að almenningi heldur einnig t.d. að bílaleigum enda getur það haft umtalsverð áhrif á rekstrarkostnað þegar bílaleigur sitja uppi með slíkar sektir. Af þeim sökum hvetja sektirnar bílaleigur *de facto* til þess að sinna dekkjaskiptum en óhjákvæmilega á kostnað öryggis ferðamanna og umferðaröryggis almennt. Fram hjá því verður ekki litið að fórnarkostnaður minna vegslits og bættra loftgæða þegar nagladekk eru ekki notuð kemur fram í minna umferðaröryggi.

Skilningur SAF er að í framkvæmd hafi sá háttur verið hafður á að lögreglustjóraembættin leggja mat á hvort og hvenær þær aðstæður séu uppi sem heimila notkun nagladekkja í ljósi „[þarfar] vegna akstursaðstæðna“. Aðstæður geta hins vegar verið breytilegar í íslensku tíðarfari auk þess sem þær geta verið breytilegar milli lögregluumdæma. Sú staða kallar á að nagladekkjatímabil og undantekningar frá því í ljósi aðstæðna séu samræmd og eigi við um um landið allt.

Með reglugerðardrögum eru lagðar upp breytingar sem eru afar jákvæðar í þeim skilningi að þær ganga langan veg til að koma til móts við kröfur SAF um lengingu á nagladekkjatímabili bílaleigubíla. Hins vegar komast samtökin ekki hjá því að benda á að lengingin mun ekki mæta öryggiskröfum ferðaþjónustunnar.

Í þessu samhengi er rétt að benda á að bílaleigubílar tryggja dreifingu ferðamanna um landið allt. Þetta sést einna best á eftirfarandi mynd sem sýnir hve stórt hlutfall ferðamanna sem ferðast um landið nota bílaleigubíla.

**Mynd:** Hvaða ferðamáta nýttu ferðamenn á Íslandi?



(Heimild: Ferðamálastofa 2019)

Eins og áður segir hafa SAF farið fram á að bílaleigum verði heimilað að hafa nagladekk undir bílaleigubílum á tímabilinu frá 1. september til 31. maí. Raunar hafa samtökin lagt til að sú breyting verði gerð á 6. tölul. í lið 16.02 í 16. gr. reglugerðar nr. 822/2004 að við bætist nýr málslíður, svohljóðandi: *Þó er heimilt að nota neglda hjólbarða frá 1. september til 31. maí þegar þeir eru nýttir undir ökutæki sem eru skráð hjá Samgöngustofu sem ökutæki í notkunarflokki ökutækjaleigu.* Í ljósi sjónarmiða um sjálfbæra ferðaþjónustu, öryggi ferðamanna sem ferðast um landið í bílaleigubílum og almennra umferðaröryggissjónarmiða verða SAF að halda framangreindri beiðni til streitu.

**Samantekið eru SAF þeirrar afstöðu að sú tillaga sem kemur fram í reglugerðardrögunum sé afar jákvæð og komi að hluta til móts við öryggiskröfur ferðaþjónustunnar. Hins vegar gengur tillagan ekki nægilega langt og því leggja samtökin til að nagladekkjatímabil bílaleigubíla verði frá 1. september til 31. maí.**

Að lokum taka SAF fram að þau eru boðin og búin til að eiga samtal við ráðuneytið, m.a. um reynslu ferðaþjónustunnar af ferðum ferðamanna um landið utan sumartíma. Það er samtökunum mikið hjartans mál að langt verði gengið í að tryggja bæði öryggi ferðamanna sem ferðast á bílaleigubílum á Íslandi og almennt umferðaröryggi.

Virðingarfyllt,

f.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar



*Jóhannes Þór Skúlason*  
Framkvæmdastjóri